



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

563. stjórnarfundur fimmtudagur 15. apríl 2021 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Birgir Már Bragason, Eva Björk Sveinsdóttir og Jónína Steinunn Helgadóttir. Björg Hafsteinsdóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir fjarverandi.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá UMFÍ vegna stefnumótunarvinnu. Boð á fjarfund 20. apríl kl. 18:00 - 22:00.

Tölvupóstur frá skjalaverði Reykjanesbæjar. Á fundi bæjarráðs 25. mars og á bæjarstjórnarfund 6. apríl var samþykkt að veita Keflavík neyðarstyrk að upphæð 10.000.000 kr.

Tölvupóstur frá UMFÍ vegna landsmóts 50+ sem haldið verður í Borgarnesi 27. – 29. ágúst.

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar vegna aðstoðar við tekjulágar fjölskyldur. Framlenging til 31. júlí 2021.

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar vegna sumarstarfa.

Tölvupóstur frá UMFÍ, fréttabréf. Allt íþróttastarf í gang á ný, Íþróttahreyfingin stuðli að fleiri atvinnutækifærum og hægt að sækja um endurgreiðslur launa- og verktakagreiðslna.

Tölvupóstur frá formanni sunddeildar Hönnu Björgu Konráðsdóttur vegna neyðarstyrks Reykjanesbæjar.

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

Tölvupóstur sendur á þær deildir sem fengu úthlutað af neyðarstyrk Reykjanesbæjar, skiptingin fylgdi með.

Tölvupóstur sendur á deildir vegna uppfærslu í Felix félagakerfi ÍSÍ.

Tölvupóstur sendur á Jón Björn Ólafsson hjá Íþróttasambandi fatlaðra vegna stofnunar aðildar fatlaðra að deildum Keflavíkur.

4. Hringbraut 108 – ástandsskoðun

Búið er að taka út þjófavarna- og brunakerfið og liggur skýrsla fyrir fundinum. Engin athugasemd gerð. Skipt var um rafhlöður.

Birgir Már Bragason sagði frá vinnu við ástandsskoðun á húsinu.

5. Starfsskýrsluskil til ÍSÍ

Einar Haraldsson skilaði inn starfsskýrslu Keflavíkur 14. apríl til ÍSÍ.

6. Stefnumótun UMFÍ

UMFÍ hefur boðað til fundar um stefnumótun hreyfingarinnar sem fram fer á fjarfundi 20. apríl kl. 18:00 - 22:00. Fundurinn er fyrir höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin.

7. Önnur mál

- A. Einar Haraldsson sótti um til Vinnumálastofnunar fyrir framkvæmdastjórnann.
- B. Einar Haraldsson sagði frá því að bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 10.000.000-króna neyðarstyrk sem er 53% af því sem sótt var um. Búið er að greiða inn til þeirra deilda sem fengu úthlutun. Exelskjál liggur fyrir fundinum með skiptingu á milli deilda.
- C. Malarvallarsvæðið við Hringbraut rætt. Samþykkt að skipa 3 manna nefnd frá aðalstjórn og 2 frá knattspyrnudeild til að ræða málið við Reykjanesbæ.
- D. Samþykkt að kaupa árskort af knattspyrnudeild fyrir aðalstjórn.
- E. Umræða um spegil í tækjasalinn.
- F. Umræða um starf íþróttastjóra og framkvæmdastjóra.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 29. apríl 2021

Fundi slitið kl. 19:30

Fundinn ritaði Eva Björk